

29. desember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík
ÍS-150.

Málefni: Frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða - Árnastofnun

Með bréfi dags. 12. desember 2005 hefur Orðanefnd Stjarnvísindafélags Íslands fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

A. Almennar athugasemdir.

Þær stofnanir sem ráðgert er að sameina gegna ólíkum og að mörgu leyti óskyldum verkefnum. Sameining þeirra undir einu þaki getur vissulega leitt til hagræðis að því er skrifstofukostnað varðar, en er ekki líkleg til að stuðla að sérstakri samvinnu þeirra sem í húsinu verða. Í þessu samhengi má benda á reynsluna af því ágæta húsi, Tæknigarði, sem undirritaðir starfa í, en hugmyndin með því húsi var að hrista saman háskólastarfsemi og atvinnulíf. Sá tilgangur hefur aldrei náðst, þótt húsið sé gott og nýtist vel að öðru leyti.

Fyrir stjórnvöld getur það kallast hagræði að úthluta fé til einnar stofnunar í stað fjögurra, en fyrir þá sem starfa að einstökum verkefnum boðar þetta eilíft stríð og ósætti um skiptingu fjármuna, þar sem líklegt er að sterkasti aðilinn (í þessu tilviki Árnastofnun) beri aðra ofurliði. Í Háskóla Íslands hafa menn talsverða reynslu af slíku fyrirkomulagi, og sú reynsla er miður góð, að flestra mati.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

1. gr. Í þessa grein vantar ákvæði um rekstur orðabanka fyrir tölvunotendur. Hans er að vísu getið í athugasemdum við frumvarpið, en það er ekki nægilegt. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra orðanefnda að sá orðabanki sem fyrir er, verði sem fullkomnastur og rekstur hans í góðu lagi. Sem stendur skortir talsvert á að svo sé, og veldur því líklega fjárskortur. Ef ekki er vel fyrir þessum rekstrarþætti séð, er eins víst að orðabankinn sundrist í smærri einingar sem hýstar verði á mörgum stöðum og nýtist þar af leiðandi verr.


4. og 5. gr. Gert er ráð fyrir forstöðumanni sem er nánast einvaldur um stjórnun og rekstur stofnunarinnar. Stjórnin er aðeins ráðgefandi. Forstöðumaðurinn skal vera prófessor á fræðasviði stofnunarinnar, en stjórnarformaður er skipaður án tilnefningar og má ekki gegna starfi við Háskóla Íslands. Hér er hlutunum snúið við. Það er ekki sjálfgefið, og raunar ólíklegt, að prófessor í fræðunum hafi sérstaka hæfileika til að annast rekstur stofnunar og sjá um ráðningu starfsfólks. Skynsamlegra væri að gera fræðilegar kröfur til stjórnarformanns og láta stjórnina um að velja forstöðumann og taka stefnumarkandi ákvarðanir.

9. gr. Með þessari grein er hlutverk Íslenskrar málnefndar þrengt mjög frá því sem nú er og nánast takmarkað við það að semja reglur um stafsetningu. Að vísu er nefndinni ætlað að veita ráðgjöf og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, en þar sem ráðherra skipar bæði formann og varaformann án tilnefningar, verður tæpast um óháða ráðgjöf að ræða. Gert er ráð fyrir 15 manna nefnd án stjórnar, og má nærri geta hvort markvisst starf yrði unnið af svo stórrí nefnd. Í því efni er reynslan ólygnust. Undanfarin ár hefur svo til allt starf Íslenskrar málnefndar verið unnið af fimm manna stjórn, en hin stærri nefnd, 15 manns, hefur verið nánast óvirk.

Virðingarfyllst,

f. h. Orðanefndar Stjarnvísindafélags Íslands


Þorsteinn Sæmundsson


Gunnlaugur Björnsson